


DV

Sviðsljós



Ólafur Skúlason biskup og Sigmundur Guðbjarnason, fyrrum háskólarektor, voru á meðal fjölmargra gesta Kjarvalsstaða um síðustu helgi.



Matthías Johannessen (l.v.) heilsar hér upp á Jón úr Vör á ljóðasýningunni.

Listaveisla að Kjarvalsstöðum

Um helgina var boðið upp á sannkallaða listaveislu að Kjarvalsstöðum þegar óþaðar voru þar þrjár sýningar. Sýnd voru ljóð eftir Matthías Johannessen, verk eftir franska listamanninn Claude Rutault og yfirlitssýning er á verkum eftir Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur.

Claude Rutault er nútímalistamaður sem vakið hefur alþjóðlega athygli á síðastliðnum árum fyrir frumlega afstöðu til listarinnar. Með honum í för var franskur listagagnrýnandinn Guy Tortosa sem hélt sérstakan fyrirlestur um list hans. Á yfirlitssýningu Jóhönnu Kristín-

ar getur að líta olíumálverk sem unnin voru á tímabilinu 1979-1991. Jóhanna lést í fyrra, aðeins 37 ára að aldri, en átti að baki glæsilegan feril helgaðan málaralistinni. Ljóðasýning Matthíasar var sú fimmta í röðinni og fengu gestir Kjarvalsstaða að þessu sinni að

heyra skáldið lesa sjálfan upp nokkur ljóð. Þórður Helgason sagði litilla frá Matthíasi og skáldskap hans áður og útskýrði hvaðan skáldið sækti hugmyndir sínar.



Franski listamaðurinn Claude Rutault (í miðju) ræðir hér við listagagnrýnandann Guy Tortosa (l.v.) og franska sendiherrann, Jacques Mer.



Þær Hanna Johannessen (l.h.) og Katrín Fjeldsted lækni voru á ljóðasýningu Matthíasar en fjölmennt var á sýningunni.


Nemendatónleikar í Selfosskirkju

Kristján Einarsson, DV, Selfossi: Fyrir skömmu héldu sex nemendur Tónlistarskóla Árnesinga tónleika í Selfosskirkju. Komu þeir fram einn af öðrum og sungu einsöng en tónleikarnir eru liður í námi þeirra. Lagavalið var mjög fjölbreytt enda nemendurnir komnir mi-

slangt. Alls stunda 34 nemendur söngnám í söngdeildinni þennan veturinn sem bæði starfar á Selfossi og á Flúðum. Kennari söngnemanna er Ingveldur Hjaltsted, en þeir heita: Guðrún Guðfinnsdóttir, Óli Þ. Ólafsson, Ólöf Halldórsdóttir, Hjalti Þórðarson, Sólveig Ólafsdóttir og Gunnar Þór Jónsson.




Söngnemarnir sex (l.h.) ásamt kennara sínum, Ingveldi Hjaltsted, (stendur lengst l.v.) og undirleikurunum Lofti S. Loftssyni og Þórlaugu Bjarnadóttur.



Nú gefst gestum Laugardalslaugarinnar kostur á að slappa af og njóta lífsins í eka gufubaði. Um er að ræða heita vatnsgufu sem verður allt að 50 gráða heit. Gufubaðið rúmar allt að 17 manns og er opið á sama tíma og sundlaugin en í það kostar aukalega. DV-mynd GVA

ÞJÓFAVÖRN



Búnaðurinn skynjar hreyfingu. Hentar vel á heimili og í fyrirtæki. Tengist ljósum eða bjöllum. Kr. 5.500,-
Á.B. & Co. - S. 52834
Dalshrauni 1 - 220 Hafnarfirði

NILFISK STERKA RYKSUGAN



Öflugur mótór með ðæmalausni endingu.



10 lítra poki og frábær ryksíun.




Afbragðs fylgihlutir.

NILFISK er vönduð og tæknilega ósvikin - gerð til að endast.

Verð aðeins frá kr. 18.970 (stgr).

FONIX
HÁTÚNI 6A SÍMI (91) 24420



Á meðal gesta á yfirlitssýningu eftir Jóhönnu voru Rúri, Thor Vilhjálmsson og Páll Steingrímsson. DV-myndir Hanna

AUGLÝSING UM INNLAUSNARVERÐ VERÐTRYGGÐRA SPARISKÍRTEINA RÍKISSJÓÐS

FLOKKUR	INNLAUSNARTÍMABIL	INNLAUSNARVERÐ *) Á KR. 10.000,00
1982-1.fl.	01.03.92-01.03.93	kr. 140.020,42
1983-1.fl.	01.03.92-01.03.93	kr. 81.351,88
1984-2.fl.	10.03.92-10.09.92	kr. 61.911,12
1985-2.fl.A	10.03.92-10.09.92	kr. 40.068,38
1985-2.fl.B	10.03.92-10.09.92	kr. 25.811,14 **)

*)Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbætur.

**)Við innlausn fylgi ógjaldfallnir vaxtamiðar spariskírteinis.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, og liggja þar jafnframt frammi nánari upplýsingar um skírteinin.

Reykjavík, febrúar 1992.

SEÐLABANKI ÍSLANDS